

Knattspyrnudeild Fram

Ársreikningur
2025

Knattspyrnudeild Fram
Úlfarsbraut 126
113 Reykjavík

Kt. 660184-0589

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur Knattspyrnudeildar Fram er rekstur meistaraflokks og 1. flokks Fram í knattspyrnu, kaup og sala leikmanna, auglýsinga- og kynningarstarf, minjagripasala og ýmislegt annað er tengist rekstri deildarinnar.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins á árinu 11,3 millj. kr. Eigið fé í árslok var nam 88,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum á árinu.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2025 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2025.

Stjórn og framkvæmdastjóri Knattspyrndeildar Fram staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. febrúar 2026.

Í stjórn félagsins:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Knattspyrnudeildar Fram

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Knattspyrnudeildar Fram („félagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík, 17. febrúar 2026.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2025

		2025	2024
Rekstrartekjur:			
Miðasala		19.713.328	19.137.080
Framlög og styrkir	5	93.992.810	205.784.983
Útsendingarréttur og tekjur af mótum KSÍ		94.716.357	28.910.613
Söluvarningur og veitingar		15.490.766	10.387.596
Tekjur af félagaskiptum		25.089.091	7.442.192
Aðrar tekjur		1.154.410	3.027.055
		250.156.762	274.689.519
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	6	188.420.520	163.865.917
Annar rekstrarkostnaður	7	52.890.956	34.527.981
Afskriftir	8	1.231.015	1.250.000
		242.542.491	199.643.898
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		7.614.271	75.045.621
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		3.928.179	515.463
Vaxtagjöld		(206.909)	(856.376)
		3.721.270	(340.913)
Hagnaður ársins	9	11.335.541	74.704.708

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Fastafjármunir			
Verðgildi leikmanna	8	5.400.000	6.050.000
Veltufjármunir:			
Vörubirgðir		1.200.000	1.200.000
Viðskiptakröfur		53.063.296	18.340.959
Aðrar skammtímakröfur		555.088	2.500.000
Handbært fé	4	44.601.160	86.008.297
Veltufjármunir samtals		99.419.544	108.049.256
Eignir samtals		104.819.544	114.099.256
Eigið fé:			
Endurmatsreikningur.....	8	4.100.000	4.800.000
Óráðstafað eigið fé.....		84.428.440	73.092.899
Eigið fé samtals	9	88.528.440	77.892.899
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		14.409.831	6.235.689
Skuldir við tengda aðila		0	25.033.317
Aðrar skammtímaskuldir		1.881.273	4.937.351
Skammtímaskuldir samtals		16.291.104	36.206.357
Eigið fé og skuldir samtals		104.819.544	114.099.256

Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins	9	11.335.541	74.704.708
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	1.231.015	1.250.000
Söluhagnaður leikmanna		(10.630.500)	(2.599.500)
Veltufé frá rekstri		<u>1.936.056</u>	<u>73.355.208</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(32.777.425)	139.141
Skammtímaskuldir, hækkun		5.118.064	6.088.292
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>(27.659.361)</u>	<u>6.227.433</u>
Handbært fé (til) frá rekstri		<u>(25.723.305)</u>	<u>79.582.641</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Keyptir leikmenn	8	(1.281.015)	(2.100.000)
Söluverð leikmanna	8	10.630.500	2.999.500
Fjárfestingarhreyfingar		<u>9.349.485</u>	<u>899.500</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Tengdir aðilar, breyting		(25.033.317)	4.893.334
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(25.033.317)</u>	<u>4.893.334</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé á árinu		(41.407.137)	85.375.475
Handbært fé í ársbyrjun		<u>86.008.297</u>	<u>632.822</u>
Handbært fé í árslok	4	<u>44.601.160</u>	<u>86.008.297</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Knattspyrnudeildar Fram er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við reglugerðir og leyfiskerfi KSÍ og UEFA. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstegi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra og tengdan kostnað.

3. Verðgildi leikmanna

Félagið eignfærðir leikmannasamninga sína í samræmi við reglur og staðla KSÍ. Yfirverð leikmannasamninga er afskrifað árlega á samningstíma og er sú afskrift færð í rekstrarreikning. Endurmat samninganna er fært á endurmatadreikning meðal eigin fjár sbr. skýringu 8.

4. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

5. Rekstrartekjur

Framlög og styrkir greinast þannig:

	2025	2024
Styrkur frá aðalstjórn	25.791.016	29.000.000
Aðrir styrkir	68.201.794	176.784.983
Framlög og styrkir samtals	<u>93.992.810</u>	<u>205.784.983</u>

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	50.316.242	39.245.000
Verktakalaun	76.069.659	78.425.051
Launatengd gjöld	14.646.931	12.311.896
Annar starfsmannatengdur kostnaður	47.387.688	33.883.970
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>188.420.520</u>	<u>163.865.917</u>

7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Kostnaður vegna erlendra leikmanna	4.711.856	4.062.951
Ferðakostnaður og mótagjöld	14.912.810	7.621.355
Boltar, skór, búningar og tæki	10.682.246	6.206.190
Sjúkrakostnaður	2.182.941	1.662.392
Félagaskipti leikmanna	740.980	3.404.970
Greiðslur til umboðsmanna	2.482.643	1.985.994
Vörukaup til endursölu	5.382.817	640.705
Annar kostnaður	11.794.663	8.943.424
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>52.890.956</u>	<u>34.527.981</u>

Skýringar frh:

8. Óefnislegar eignir

Leikmannasamningar greinast þannig:	2025	2024
Bókfært verð 1.1.	6.050.000	4.400.000
Eignfærðir leikmenn á árinu	1.381.015	2.100.000
Seldir og aflagðir leikmenn	(100.000)	(400.000)
Afskrifað á árinu	(1.231.015)	(1.250.000)
Matsbreytingar	(700.000)	1.200.000
Bókfært verð 31.12.	<u>5.400.000</u>	<u>6.050.000</u>

9. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Endurmat	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2025	4.800.000	73.092.899	77.892.899
Endurmat leikmanna	(700.000)		(700.000)
Hagnaður ársins		11.335.541	11.335.541
Eigið fé 31.12.2025	<u>4.100.000</u>	<u>84.428.440</u>	<u>88.528.440</u>